

Ed.

436. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

a-liður 3. gr. laga nr. 59, 10. nóv. 1913, orðist þannig: Rjúpur skulu al-friðaðar á tímabilinu frá 1. janúar til 15. október ár hvert.

Nú fækkar rjúpunni svo, að ástæða þykir til þess að friða hana alt árið, og er þá ríkisstjórninni heimilt að skipa svo fyrir með reglugerð um eitt ár í senn.

2. gr.

Fyrir hverja rjúpu, sem veidd er á friðunartíma, skal sá, er brotlegur verður, sæta 10 kr. sekt, og tvöfaldast sektin við ítrekun brotsins. Sömu sekt skal og hver sá maður sæta, er selur eða kaupir, gefur eða þiggur að gjöf rjúpu, sem svo er ástátt um, enda sje honum kunnugt, að svo hafi verið.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númerin lög nr. 14, 27. júní 1921.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1924.